

Vettvangsheimsókn í Janus starfsendurhæfingu.

www.janus.is

Mætt voru auk undirritaðrar: Sólveig og Stella frá Gunnarsbraut.

Mjög vel var tekið á móti okkur og það var iðjupjálfi sem sá um kynninguna.

Þarna fer fram mjög góð starfsemi og markhópurinn eru einstaklingar sem eru á leið út á vinnumarkaðinn eða í skóla. Þarna er boðið upp á viðamikla þjálfun í gegnum svokallaðar „leiðir“.

Tvær gular leiðir eru í boði. Í annarri felst þátttaka skv. stundaskrá, án skóla. Áhersla er á ábyrgð s.s. á mætingu, líkamspjálfun, heilsuefning, jóga, viðtöl, fræðsla um fjármál ofl.

Hin gula leiðin er með skóla. Þá stunda nemendur nám innan Tækniskólans. Janus hefur til umræða sérkennslustofu í kjallara þar sem nemendur stunda saman aðalfög en einnig geta nemendur sótt einstök námskeið innan skólans og tekið þátt í félagslífi. Fyrir þá nemendur sem ekki treysta sér til að vera með hópnum t.d. í frímínútum þá er Janus einnig með kaffistofu fyrir nemendur í gömlu húsvarðaríbúðinni í gamla Vörðuskólanum.

Þeir sem ekki eru á leið með skóla hafa síðan aðstöðu á neðstu hæð Heilsuverndarstöðvarinnar í stóru og björtu húsnæði. Þar er saumastofa, smíðastofa, tölvuver þar sem nemendur geta fengið aðstoð með skólaverkefni sín o.fl.

Ég hvet ykkur til að skoða betur leiðirnar á heimasíðu Janusar.

Ég velti því fyrir mér hvernig/hvort íbúar í búsetukjörnum geti nýtt sér atvinnuendurhæfingu eða skólaleiðina innan Janusar? Sjáið þið

einhvern flöt á því? Inntaka er í heilsulínuna eftir því sem pláss losna en í gulu línurnar um áramót.